

# Pési



## Lesið þetta

- Hitaveitan 40 ára
- Kvenfélagið 65 ára
- Auglýsingar
- Aðalfundur
- Ásæll
- Afmæli

Næsti Pési kemur út 13. apríl. Skil á efni er 10. apríl.

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Minningar tónleikar	3
Skólahreysti	4
Fundur frambjóðenda	5
Samstarf uppsveita	10
Fundur frambjóðenda	13
Leikskóla- fréttir	18

Mars 2007  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Ísólfur Gylfi Pálmason  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

17. árgangur. 203. tölublað. [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is). Sími. 480 6600

Hrunamannahreppur  
Akurgerði 6  
845 Flúðir

## Fyrstu lóðum úthlutað í nýju iðnaðarhverfi.

Úlfar Harðarson og Gröfutækni ehf sóttu um tvær fyrstu lóðirnar í nýju iðnaðarhverfi á Flúðum. Þess má geta að Úlfar sótti einnig um fyrstu lóðina í gamla iðnaðarhúsahverfinu þar sem hús hans Steðji stendur nú. Mikið er spurt um iðnaðarhúsa-lóðir og vonandi verða byggð mörg iðnaðarhús á Iðjuslóð og Vallarslóð en það eru nöfnin á göt-unum í hverfinu. Verið er að hanna lagnakerfi á svæðinu og er gert ráð fyrir að hönnun verði lokið 15. apríl n.k. og þá verði hægt að bjóða framkvæmdina út.

## Fundur með starfsmönnum Hrunamannahrepps.

ASÍ, Samtök Atvinnulífsins og Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins standa fyrir fræðslufundum fyrir starfsmenn sveitarfélaga. Það eru námsráðgjafarnir Sólveig Kristjánsdóttir og Eydís Katla Guðmundsdóttir á vegu Fræðslunets Suðurlands sem kynna. Vinnuheiti fundarins er “ Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað ÞITT VAL ÞÍN LEIÐ”. Farið er yfir þróun og færni í starfi, námsmöguleika, ánægju í starfi o.fl. Þeir starfsmenn Hrunamannahrepps sem áhuga hafa á að hitta ráðgjafar á fundi 20. mars kl. 17.00 á Hótel Flúðum ( ráðstefnusal ). Allir sem áhuga hafa á eru hvattir til þess að mæta, hins vegar er enginn skyldaður til þess.

## Hitaveita Flúða 40 ára

Ein af aðalauðlindum í hreppnum okkar er jarðhitinn . Við höfum á undanförunum árum orðið vör við að í auknu mæli hafa utanaðkomandi aðilar sýnt þessari auðlind okkar mikinn áhuga, enda hefur þróunin á landinu verið með þeim hætti að stóru veiturnar eru að yfirtaka hinar smærri. Þannig nær .t.d. Orkuveita Reykjavíkur allt upp í Borgarfjörð og alla leið á Hvolsvöll. Um þessar mundir eru 40 ár frá því að Hitaveita Flúða tók til starfa. Mikið vatn hefur runnið um pípurarnar á þessum 40 árum og á síðustu árum hefur veitan verið að styrkja sig. Stjórnvöld hér hafa aldrei ljáð þess máls að selja veituna okkar hins vegar hefur þróunin verið með þeim hætti að Hitaveita Flúða hefur verið að stækka. Nú er í umræðunni sameining Hitaveitu Flúða og svokallaðrar átaksveitu sem nær til austasta hluta sveitarfélagsins og að nokkrum býlum í Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Iðnaðarráðuneytið er tilbúið til, og hefur í raun ákveðið að ef um sameiningu verður að ræða að leggja fé sem eru tæplega 8 milljónir til þessarar sameiningar. Veitustjórn hefur samþykkt að ganga til þessara sameiningarviðræðna. Það er ljóst að í framtíðinni er akkur fyrir öryggi í orkumálum að Hitaveitan okkar stækki og styrkist. Talsverð umræða hefur verið á undanförunum árum í þá veru að bora eftir heitu vatni sem gæti nýst okkur á ýmsan hátt og jafnvel til raforkuframleiðslu en eins og við þekkjum vel er mjög mikil raforkunotkun hér í hreppnum, ekki síst í hinum upplýstu gróðurhúsum. Stjórnendur veitunnar hafa alltaf kappkostað að taxtar veitunnar séu neytendum hagstæðir og er Hitaveita Flúða ein ódýrasta hitaveita landsins. Öllum þeim sem hafa stuðlað að uppbyggingu veitunnar er þakkað og er núverandi veitustjóri Hannibal Kjartansson vakinn og sofinn yfir velferð veitunnar. Í tilefni af þessum tímamótum mun stjórn Hitaveita Flúða bjóða íbúum Hrunamannahrepps og sundgestum frítt í sund í aprílmánuði. Þetta er vegleg og viðeigandi afmælisgjöf og upplagt fyrir sundgesti að efla heilsu og heilbrigði í tilefni afmælisins og vorkomu sem er á næsta leyti. Hitaveita Flúða hefur í gegnum tíðina að kostnaðarlausu útvegað vatn í sundlaugina og í Byggðasafnið í Gröf. Þess má til gamans geta að fjallað verður sérstaklega um kortlagningu á orkusvæðum í Hrunamannahreppi á málþingi Orkuráðs sem haldin verður á Akureyri í næstu viku.

Ísólfur Gylfi Pálmason

## Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

### **Kóraninn**

Hrunamenn eru skemmtilegir og húmorískir. Einhverjum þykir nóg um hve ritstjóri Pésans er duglegur að segja frá afrekum Karlakórs Hreppamanna og glöggur lesandi Pésans sagði að í síðasta Pésa hefði verið minnst 13 sinnum á Karlakórinn. Þetta minnir á sögu af núverandi landbúnaðarráðherra íslensku þjóðarinnar, þegar hann fyrir, mörgum árum hélt aðventuræðu í Selfosskirkju þar sem hann minntist 12 sinnum á kaupfélagið en aðeins einu sinni á skapara himins og jarðar. Ekki minnkaði stolt karlakórsmanna þegar Ari Trausti Guðmundsson gerði þátt um okkar ágæta tónlistarfólk Edit og Miklos. Hinir húmorísku Hrunamenn kalla nú Pésann Kóraninn. Það er í rauninni enn virðulegra nafn á þessu virðulega riti. Ekki er ákveðið hvort þjóðaratkvæðagreiðsla verði gerð um nafnabreytingu.

### **Forsala aðgöngumiða á minningartónleika Sigurðar Ágústssonar**

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að miklir minningartónleikar eru framundan þann 17. mars en 100 ár eru liðin frá fæðingu Sigurðar Ágústssonar frá Birtingaholti. Á tónleikunum koma fram, Vörðukórinn, Kirkjukór Hrunaprestakalls, Karlakór Hreppamanna og Karlakórinn Fóstbræður. Einsöngvari er Álftagerðisbróðirinn Óskar Pétursson. Sunnudaginn 18. mars verður messa í Hrepphóla­kirkju sem hefst kl 13.30 en kl 15. býður fjölskyldan frá Birtingarholti til samverustundar í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Forsala aðgöngumiða á minningartónleikana verður í Félagsheimilinu laugardaginn 17.mars kl. 14 – 16, en tónleikarnir verða í Íþróttahúsinu á Flúðum kl. 20:00

### **Kvenfélagið 65 ára**

Hvern stórviðburðinn rekur annan hér í hreppnum. Um þessar mundir fagna félagar í Kvenfélagi Hrunamannahrepps 65 ára afmæli félagsins. Það stendur til að minnast þessara tímamóta 24. mars n.k. Kvenfélagið okkar hefur í gegnum tíðina látið fjölmargt gott af sér leiða og er eitt af máttarstólpum sveitarfélagsins. Alltaf þegar reynir á má skynja styrk kvenfélagsins. Það er von okkar að kvenfélagið megi áfram lifa og dafna og vera félagsmönnum og íbúum til gleði og góðra verka.

## **Leikskólinn 25. ára**

4. apríl n.k. verður þess minnst að 25 ár eru liðin frá því að Leikskólinn Undraland tók til starfa. Miklar baráttukonur fyrir starfrækslu leikskóla hér voru m.a. Valdís Magnúsdóttir í Langholtskoti, Anna María Sigurðardóttir í Berghyl og Anna Mary Snorradóttir í Syðra-Langholti. Óhætt er að segja að starfsemi leikskólans hafi þróast og dafnað og hefur starfsemin á síðustu árum gengið mjög vel. Leikskólakennarar okkar hafa haldið fyrirlestra í öðrum leikskólum á Suðurlandi þar sem kynnt er innra skipulag leikskóla .

## **Karлакórinn 10 ára.**

Yngstir í þessari afmælisupptalningu er Karлакór Hreppamanna en um þessar mundir fagnar hann 10 ára afmæli. Það verður gert með kaffisamsæti núverandi og fyrrverandi kórfélaga 1. apríl n.k. Þá eru fyrirhugaðir tónleikar í apríl á Hvolsvelli, í Reykjavík og á Flúðum.

## **Hraustmenn í Flúðaskóla!**

Unga fólkið okkur stendur sig vel á ýmsum sviðum. Framundan er lokahátíð upplestrarkeppni grunnskólanna. Í síðasta mánuði tók unga fólkið okkar þátt í “Skólahreysti á Suðurlandi” og gerðu sér lítið fyrir og sigruðu keppnina. Í keppnisliðinu voru Bjarni Már Ólafsson, Bragi Viðar Gunnarsson, Heiðrún Kristmundsdóttir og Hildur Guðrún Þorleifsdóttir. Þetta ætti að vera hvatning fyrir unga sem aldna til þess að hreyfa sig. Árshátíð skólans var í síðustu viku og þótti takast með ágætum. Allir þessir þættir hafa mikið uppeldislegt gildi og eru skemmtilegir þættir í skólastarfinu.

## **Framkvæmdir við nýtt tjaldsvæði**

Fyrirtækið Trog ehf sem er í eigu nokkurra áhugasamra Hrunamanna hafa hafið framkvæmdir við nýtt tjaldsvæði á Flúðum. Í stjórn þess fyrirtækis eru: Gunnlaugur Karlsson, Örn Einarsson og Guðjón Birgisson. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Jónas Egilsson. Stefnit er að því að hægt verði að taka hluta af nýju tjaldsvæði í notkun eftir eitt til tvö ár. Fram að þeim tíma verður eldra tjaldsvæðið notað en viðræður eru í gangi milli Árna Hjaltasonar og Hrunamannahrepps um kaup á eignum á tjaldsvæðinu.

## **Sameiginlegur fundur sveitarstjórnarmanna**

Í vikunni var boðað til sameiginlegs fundar sveitarstjórnarmanna í uppsveitum Árnessýslu. Á fundinn mættu sameiginlegir starfsmenn okkar, félagsmálastjóri, ferðamálafulltrúi, skipulagsfulltrúi og bygg-ingarfulltrúi. Einnig mættu sveitarstjórar og sveitarstjórnarmenn. Fundur sem þessi verða árvissir þar sem farið er yfir helstu sameiginlegu mál sem snerta uppsveitirnar. Oddvitanefndin vinnur að sérstöku samkomulagi um starfsemina undir forystu oddvita oddvittanna Sigurðar Inga Jóhannssonar. Mjög margt fróðlegt kom fram á fundinum og eru sameiginlegum verkefnum alltaf að fjölga.

## **Okkur vantar starfsmann í þrif á leikskóla**

Sigríður Thorsteinsson sem lengi hefur þrifið hjá okkur leiksólann af samvissusemi og natni hefur ákveðið að hætta. Þess vegna auglýsum við eftir starfsmanni til þrifa á leikskólanum. Gott væri að starfsmaðurinn geti hafið störf í byrjun maí. Allar upplýsingar gefur Jóna G. Ólafsdóttir, leikskólastjóri.

## **Okkur vantar starfsmann í sundlaug í sumar**

Við viljum ráða starfsmann í sundlaugina í sumar. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi náð 18 ára aldri, helst eldri og fari í gegnum námskeið í skyndihjálpi. Allar upplýsingar gefur Elsa Nielsen en umsóknum skal skila á hreppskrifstofu.

## **Hugað að uppákomum í sumar!**

Ferða- menningar- og æskulýðsnefnd hefur fundað talsvert í liðnum mánuði. Þau auglýsa eftir áhugasömum aðilum, einstaklingum, félögum eða fyrirtækjum sem tilbúin eru til þess að taka að sér umsjón með heimsmeistaramótum í traktorstorfæru og furðubátakeppni. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Evu Marín Hlynsdóttur formann nefndarinnar.

## **Lækkun fæðis**

Hreppsnefnd ákvað að lækka fæðiskostnað í skóla og leikskóla vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvæli. Almenn er ánægja með matinn í skólanum og er það vel. Það er vandi að matreiða í tvö til þrjú hundruð manns en Ólöfu Guðnadóttur og starfsmönnum hennar fer það vel úr hendi.

# TAPAÐ

Á hjónaballinu tapaðist samkvæmisveski mitt sem mér er afar kært um. Líklega hefur það verið tekið í misgripum.

Það er heil perlusaumað og blágrátt á litinn.

Viðkomandi sem hefur veskið undir höndum er vinsamlegast beðin um að hafa samband við Mildrid eða Guðmund húsvörð í Félagsheimilinu.

Mildrid: 821-1201      Guðmundur: 699-8026

---

## Frá Bókasafni Hrunamanna

### Opnunartími:

Mánudaga              Kl. 20-21

Þriðjudaga            Kl. 16-18

Miðvikudaga         Kl. 16-18

Fimmtudaga         Kl. 16-18

Á bókasafninu er einnig tölva fyrir almenning sem tengd er Internetinu.

Gjaldskrá: 30 mínútur = Krónur 100,-.

### Sjáumst á bókasafninu!

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

Íþróttahúsið á Flúðum

Opnunartími:

Mánudaga til fimmtudaga

15:30-21:00

Föstudaga. 13:00-20:00

Laugardaga. LOKAÐ

Sundlaugin á Flúðum

Opnunartími:

Mánudaga til miðvikudaga. 16:00-21:00

Fimmtudaga: 17:00-21:30

Laugardaga: 10:00-18:00

LOKAÐ á föstudögum og sunnudögum

**Á skírdag og annan í páskum 13:00-18:00**

# Bændur og búalið!

## Eru kýrnar slappar?

Eigum alltaf til á lager Propylenglykol við súrdoða.  
Einnig mikið úrval af milligerðum,  
át-og milligrindum.

Munið sáðvöruna,erum óhræddir við verðsamanburð.



Leitið ekki langt yfir skammt.



Sími:480-5600

[www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)

Stækoma þar með  
**trukki**

*Landflutningar*  
**SAMSKIP**

**Brottför frá Flúðum  
Kl. 08:00 mánud. til föstudaga.  
Brottför frá Landflutningum Reykjavík  
Kl. 12:00 mánud. til föstudaga.  
Vöndull ehf Högnastíg 1.  
Jóhann Unnar Guðmundsson.  
Sími: 856-1580**



**KB BANKI**

**Hraðbankinn**  
er opinn allan sólarhringinn.

**Afgreiðslutími á Flúðum:**  
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00  
Viðtalstími bankastjóra á  
miðvikudögum 13:30-15:45

**Sími. 480-4700.**



# FLÚÐALEIÐ ehf . og FLYTJ- ANDI

Ferðaáætlun í uppsveitir Árnassýslu

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum  
15): alla virka daga

**kl: 13.00.**

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjuni, Byko og Flytj-  
anda): alla virka daga **kl: 14.00.**

Aukaferð farinn frá Reykjavík  
kl: 16.00 alla föstudaga.

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla áburðarsölu-  
aðila.

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar á Flúðum í  
síma: 892-2370

Aðrir símar:

Vöruafgreiðsla: 486-1070

Gregor: 892-2371

Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685

Fax: 486-6693

Netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

**Flúðaleið ehf. og Flytjandi**

# Stiklað á stóru í samstarfi uppsveita

1899 Stofnað læknishérað uppsveita. Oddvitanefnd er í forsvari fyrir læknishéraðinu.

1922 Laugarásjörðin keypt.

1983 Sameinast 8 sveitarfélög uppsveita um byggingafulltrúa, Hilmar Einarsson. Átta bygginganefndir.

1994 Bygginganefndir verða 2.

1994 Stofnuð sameiginleg barnaverndarnefnd Laugaráslæknishéraðs.

1996 Ráðist í sameiginlega stefnumótun í ferðaþjónustu, Ásborg Arnþórsdóttir ráðinn til starfans.

1998 Ein sameiginleg bygginganefnd. Fundarstaður fastur á skrifstofu byggingafulltrúa.

1998 Sameiginleg félagsmálanefnd uppsveita tekur við hlutverki barnaverndarnefndarinnar auk fjölmargra verkefna á sviði félagsmála.

1998 Gefin út og kynnt “Gæði og gestrisni” sameiginleg stefnumótun uppsveita í ferðamálum 1998-2002.

1999 Félagsmálastjóri uppsveita ráðinn, Áskell Kárason. Fyrst í 50% starf og síðar aukið í 80%.

2000 Félagsmálastjóraskipti Sólveig Pétursdóttir tekur við, starfshlutfall aukið í 100%

2000 Ferðamálafulltrúi fastráðinn.

2001 Ráðinn fastur starfsmaður á skrifstofu byggingafulltrúa, Kristjana Kjartansdóttir (áður hafði Hilmar verið með tímabundna aðstoð bæði ritara og aðstm. á árunum 1985-2001)

2003 Stofnuð skipulagsnefnd uppsveita sem í sitja oddvitar sveitarfélaganna fjögurra. Ráðinn skipulagsfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson fyrst í hlutastarf sem fljótlega varð 100% starf.

2003 Gefin út, endurskoðuð stefnumótun uppsveita í ferðamálum 2004-2008 “Gæði og gestrisni”

2004 Byggingafulltrúi fastráðinn (hafði alltaf verið verktaki).  
Bætt við starfsmanni á skrifstofu, Sigríður Tómasdóttir.

2005 Nýr starfsmaður bættist á skrifstofu bygginga- og skipu-  
lagsmála, Sigríður Jóna Mikaeladóttir.

2006 Félagmálastjóranskipti frá 1.júni Nanna Mjöll Atladóttir  
tekur við starfinu. Ráðinn er starfsmaður í 20% starf á haust-  
dögum, Íris Blandon, aðallega til aðstoðar vegna heima-  
þjónustu.

2006 Nýr skipulagsfulltrúi, Pétur Ingi Haraldsson tekur við á  
vordögum. Aðstoðarmaður byggingafulltrúa ráðinn, Guð-  
mundur B. Böðvarsson.

2007 Starfshlutfall aðstoðarmanns félagsmálastjóra aukið í  
40%.

2007 Flóahreppur verður aðili að samstarfi uppsveita um skipu-  
lags- og byggingamál, fyrst í stað með þjónustusamningi sem  
tók gildi 1. mars.

2007 Fyrsti ársfundur sveitarstjórnamanna uppsveita. Kynnt  
drög að samstarfssamningi.

**Til sölu svefnsófi, 130 cm breidd  
Upplýsingar í síma 486 6467**

**RÆKTUNARLAND ÓSKAST!!**

Óska eftir u.þ.b. 2—2 hekturum af ræktuðu eða auðræktan-  
legu landi til kaups eða langtímaleigu. Æskileg staðsetning í  
nágrenni Flúðahverfis, en má þó vera einhverja km.frá.

Arndís í síma 860 7041


**Aðalfundur**

Aðalfundur björgunarfélagsins Eyvindar verður haldinn mánudags-  
kvöldið 26. mars kl.20:30 í húsi félagsins.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagar velkomnir. Kveðja Stjórnin

# Rafverktaki



Hjörleifur Ólafsson  
Löggiltur rafvirkjameistari

Sími: 4806767

**Frá Félagi eldri Hrunamanna.**

**Aðalfundur félagsins verður haldinn í Heimalandi  
laugardaginn 31. mars kl: 13:30.**

**Venjuleg aðalfundarstörf.**

**Nýir félagar velkomnir.**

**Minnum líka á síðasta opna húsið í vetur, sem  
verður um miðjan apríl.**

**Þá munum við bjóða heim nágrönnum okkar úr  
Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

**Einnig er ráðgert að fara dagsferð í Rangárvalla-  
sýslu í byrjun maí.**

**Þetta verður nánar auglýst síðar.**

**Stjórnin.**

# Baráttan hefst á Flúðum

Fyrsti sameiginlegi fundur  
með frambjóðendum til Alþingiskosninganna í  
Suðurkjördæmi verður haldinn

**miðvikudaginn 28. mars nk. kl. 20:00**  
í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum

Framsögumenn verða:  
Guðni Ágústsson, Framsóknarflokki  
Grétar Mar Jónsson, Frjálslyndaflokki  
Björgvin G. Sigurðsson, Samfylkingu  
Árni M. Mathiesen, Sjálfstæðisflokki  
Atli Gíslason, Vinstri Grænum

**Rætt verður um framtíð  
og málefni uppsveitanna**

Að loknum framsöguerindum verða almennar  
umræður

*Þróunarfélag Hrunamanna*

# Frá ÁSÆL.

## Áhugafélag um verndun sæluhúsa á afrétti Hrunamanna stofnað 18. mars 2004.

Góðir félagar þrátt fyrir ungan aldur félagsins höfum við áorkað miklu 2004 var gamli grjótkofinn í Leppistungum endurbyggður, 2005 torfkofinn í Svínárnesi, 2006 vegurinn í Fosslæk gerður fær og í sumar er stefnt á að endurbyggja Fosslækjarhúsið. Hugmyndin er að byggja húsið í einingum fram í byggð teljum við það einfaldari leið en að byggja það á staðnum, og ekki síst þar sem meiri möguleiki er á að fleiri félagar geti komið að verkinu en til þess að svo geti orðið þurfum við að geta komið boðum til félaga á fljótlegan og einfaldan hátt.

Boðum til félaga er erfitt að koma með dreifibréfi þar sem félagar eru búsettir víða. Einfaldasta leiðin er að senda s.m.s. skilaboð. Einnig hefur skráning félaga verið með ýmsu móti, menn hafa komið að máli við mig á förnum vegi og þori ég ekki að ábyggjast að hafa alltaf munað eftir að skrá nýja félaga. Þess vegna birtist hér félagaskrá ÁSÆLS félagar eru beðnir að yfirfara **gsm**.númerin og láta vita ef númerin eru ekki rétt. Eins eru þeir sem ekki finna nafn sitt á listanum beðnir að hafa hafa samband í síma 894 3333. eða netfang [lkot@simnet.is](mailto:lkot@simnet.is) Nýir félagar ávallt velkomnir.

Unnsteinn Hermannsson formaður.

### Félagaskrá ÁSÆLS

Nafn	Heimilsfang	Símar
<u>Jóhanna B Ingólfssdóttir</u>	<u>Hrafnkelsstöðum</u>	<u>892-5238</u>
<u>Guðjón Birgisson</u>	<u>Melum</u>	<u>894-0448</u>
<u>Eiríkur Þorgeirsson</u>	<u>Túnsbergi</u>	<u>861-0272</u>
<u>Gunnar Kr.Eiríksson</u>	<u>Túnsbergi</u>	<u>893-8058</u>
<u>Magga S Brynjólfssdóttir</u>	<u>Túnsbergi</u>	<u>894-5033</u>
<u>Elvar Gunnarsson</u>	<u>Túnsbergi</u>	<u>848-9340</u>
<u>Heimir Gunnarsson</u>		<u>894-3030</u>
<u>Valdís Magnúsdóttir</u>	<u>Langholtskoti</u>	<u>822-6617</u>
<u>Hannes Bjarnasson</u>	<u>Varmalandi</u>	<u>486-6618</u>

<u>Anna S Sigurðardóttir</u>	<u>Högnastíg 15b</u>	<u>486-6694</u>
<u>Jón M Helgason</u>	<u>Högnastíg 15b</u>	<u>897-6564</u>
<u>Þorkell Þorkellsson</u>	<u>Högnastíg 13b</u>	<u>893-4372</u>
<u>Úlfar Guðmundsson</u>	<u>Högnastíg19b</u>	<u>893-6517</u>
<u>Stefán Jónsson</u>	<u>Hrepphólum</u>	<u>486-6696</u>
<u>Dagbjartur Þórðarson</u>		<u>854-7407</u>
<u>Þórarinn Ingi Úlfarsson</u>	<u>Reykjadal</u>	<u>893-5456</u>
<u>Sveinn H Sveinsson</u>	<u>Hrafnkellstöðum</u>	<u>895-3197</u>
<u>Guðrún Sveinsdóttir</u>	<u>Varmalæk</u>	<u>616-9546</u>
<u>Guðjón Jóhannsson</u>	<u>Sólheimum</u>	<u>848-1810</u>
<u>Halldór Einarsson</u>	<u>Fagrabergi 34 221 hf.</u>	<u>899-3046</u>
<u>Benedikt Ólafsson</u>	<u>Auðsholti</u>	<u>861-1907</u>
<u>Vignir Jónsson</u>	<u>Auðsholti</u>	<u>893-4472</u>
<u>Ásdís Bjarnadóttir</u>	<u>Auðsholti</u>	<u>897-3444</u>
<u>Bjarney Vignisdóttir</u>	<u>Auðsholti</u>	<u>895-8978</u>
<u>Ingibjörn Öxdal</u>	<u>Auðsholti</u>	<u>861-3475</u>
<u>Harpa Vignirdóttir</u>	<u>Auðsholti</u>	<u>864-4482</u>
<u>Helgi Gíslason</u>	<u>Hjálmholti</u>	<u>897-3461</u>
<u>Guðbjörn Dagbjartsson</u>	<u>Hvítárdal</u>	<u>854-6725</u>
<u>Unnsteinn Einarsson</u>	<u>Nýjabæ 801 Sel.</u>	<u>895-8463</u>
<u>Guðni Guðbergsson</u>	<u>Bjarnhólastíg 22 Rvk.</u>	<u>863-4612</u>
<u>Reynir Þór Jónsson</u>	<u>Hurðarbaki 801 Sel.</u>	<u>898-0929</u>
<u>Sigurjón Sigurðsson</u>	<u>Kotlaugum</u>	<u>893-5212</u>
<u>Ólafur Stefánsson</u>	<u>Hrepphólum</u>	<u>846-4240</u>
<u>Rafn Jónsson</u>	<u>Hraðastöðum 4</u>	<u>896-8916</u>
<u>Aðalsteinn Þorgeirsson</u>	<u>Hrafnkellsstöðum</u>	<u>898-1591</u>
<u>Gils Einarsson</u>	<u>Árbakka 13</u>	<u>846-7198</u>
<u>Harri Kjartansson</u>	<u>Suðurbrún 8</u>	<u>894-7617</u>
<u>Sigmundur Jóhannesson</u>	<u>Syðra-Langholti</u>	<u>894-8974</u>
<u>Kristján Þórðarsson</u>	<u>Akurgerði</u>	<u>892-8315</u>
<u>Skúli Guðmundsson</u>	<u>Birtingaholti 3</u>	<u>866-1338</u>

<u>Samúel U Eyjólfsson</u>	<u>Bryðjuholti</u>	<u>864-1758</u>
<u>Halldór Guðnason</u>	<u>Efra-Seli</u>	<u>486-6690</u>
<u>Agnar Jóhannsson</u>	<u>Ísabakka</u>	<u>893-0974</u>
<u>Unnsteinn Hermannsson</u>	<u>Langholtskoti</u>	<u>894-3333</u>
<u>Loftur Þorsteinsson</u>	<u>Haukholtum 1</u>	<u>863-7915</u>
<u>Þorsteinn Loftsson</u>	<u>Haukholtum 1</u>	<u>893-4474</u>
<u>Haraldur Sveinsson</u>	<u>Hrafnkelsstöðum 1</u>	<u>892-5238</u>
<u>Erla Jóhannsdóttir</u>	<u>Sólheimum</u>	<u>849-6381</u>
<u>Eiríkur Kristófersson</u>	<u>Grafarbakka</u>	<u>892-8876</u>
<u>Esther Guðjónsdóttir</u>	<u>Sólheimum</u>	<u>865-8761</u>
<u>Sólveig Erla Brynjólfsdóttir</u>	<u>Sólheimum</u>	<u>486-6736</u>
<u>Sigurður Sigmundsson</u>	<u>Dalbær 1</u>	<u>893-1235</u>
<u>Sigurður Ingi Jóhannsson</u>	<u>Syðra-Langholti</u>	<u>893-3793</u>
<u>Magnús Gunnlaugsson</u>	<u>Miðfelli</u>	<u>844-9454</u>
<u>Karl Guðmundsson</u>	<u>Skipholti</u>	<u>862-6433</u>
<u>Sigurður Ágústsson</u>	<u>Birtingaholti 4</u>	<u>894-1130</u>
<u>Steinar Halldórsson</u>	<u>Auðsholti</u>	<u>899-6587</u>
<u>Hannibal Kjartansson</u>	<u>Suðurbrún 1</u>	<u>892-2084</u>
<u>Hilmar Jóhannesson</u>	<u>Syðra-Langholti</u>	<u>898-5404</u>
<u>Marta Esther Hjaltadóttir</u>	<u>Vesturbrún 21</u>	<u>899-6412</u>
<u>Bjarni Valur Guðmundsson</u>	<u>Skipholti 3</u>	<u>894-6537</u>
<u>Pálmar Þorgeirsson</u>	<u>Vesturbrún 15</u>	<u>892-2370</u>
<u>Einar Jónsson</u>	<u>Suðurengi 26 800self</u>	<u>866-7757</u>
<u>Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir</u>	<u>Austurbrún 4 104rvk</u>	<u>822-8225</u>
<u>Sigríður Eiríksdóttir</u>	<u>Högnastíg 13b</u>	<u>866-5981</u>
<u>Svanur Einarsson</u>	<u>Tungufelli</u>	<u>661-0414</u>
<u>Elín Jóna Traustadóttir</u>	<u>Tungufelli</u>	<u>696-6723</u>
<u>Jón Óli Einarsson</u>	<u>Tungufelli</u>	<u>893-6723</u>
<u>Brigitte Brugger</u>	<u>Kjarnholtum 2</u>	<u>861-7419</u>
<u>Gyða B Björnsdóttir</u>	<u>Skipholti</u>	<u>895-6537</u>
<u>Þór Guðnason</u>	<u>Vesturbrún 21</u>	<u>899-6412</u>
<u>Guðmann Unnsteinsson</u>	<u>Langholtskoti</u>	<u>899-0772</u>



## Starfsfólk óskast!

Kaffi-Sel ehf. óskar eftir að ráða starfsfólk frá og með 1. maí n.k. og a.m.k út ágúst. Um er að ræða störf á golfvallarsvæðinu (Selsvöllur) og afgreiðslustörf í golf-skálanum. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslustörfum og sé á 20. aldursári eða eldri.



Nánari upplýsingar fást hjá Ástu í síma 486-6454 eða 486-6690, en einnig má senda umsóknir á netfangið [asta.gudny@kaffisel.is](mailto:asta.gudny@kaffisel.is). Öllum umsóknum verður svarað.



### Opnunartími Versl. Strax .

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-19:00
<b>Sunnudaga</b>	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.

**Óskum eftir að ráða fólk til  
starfa í sumar.**

**Upplýsingar gefur Verslunar-  
stjóri á staðnum.**

### ATVINNA

Okkur vantar starfsfólk í sumar í blönduð störf innan ferðapjónustunnar. Vaktavinna  
Upplýsingar veitir Vigdis—f.h. Ferðapjónustunnar  
Syðra—Langholti

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

*Andlitsbað*

*Húðhreinsun*

*Litun og plokkun*

*Handsnyrting*

*Fótsnyrting*

*Förðun*

*Vaxmeðferðir*

*Tímamantanir í síma 566-8342*

*og 856-1599(Hlíf)*



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620 Netfang undraland@fludir.is

## Leikskólafréttir

Þrjú ný börn hófu leikskólagöngu sína núna 1.mars, eru leikskóla-börnin þá orðin 49 talsins, fleiri börn bætast í hópinn þegar nær dregur vori. Nú þegar daginn er farið að lengja þá nýtum við okkur útiveruna og reynum að vera meira úti og anda að okkur hreina ís-lenska sveitaloftinu.

Í apríl heldur leikskólinn upp á 25 ára afmæli og verður afmælis hátíð haldin í leikskólanum 4.apríl frá 14:00-16:00. Við bjóðum alla velkomna að gleðjast með okkur þennan dag.

Ég vil minna á heimasíðuna okkar [www.undraland.is](http://www.undraland.is) þar er mikið af skemmtilegum myndum og fróðleikur um starfið.

Leikskólastjóri

*Skrifstofa Hrunamannahrepps*

*Opnunartími hreppsskrifstofu*

*Alla virka daga*

*Frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.*

## Kaffi-Sel auglýsir!

[www.kaffisel.is](http://www.kaffisel.is)



**Opið um páskana, þ.e. frá 4. apríl (Daginn fyrir Skírdag) til 9. apríl (Annar í páskum), frá kl. 11.00 til 20.30.**

Í apríl verður að öðru leyti opið föstudaga frá kl. 18.00-20.30 og laugardaga frá kl. 11.00-20.30. Lokað sumardaginn fyrsta, 19. apríl vegna fermingar, en pizzur verða afgreiddar út úr húsinu þann dag. Kaffi-Sel verður opið alla daga frá kl. 8.00 – 22.00 frá og með 1. maí til 15. september.

### **Aðalfundur og árshátíð ÁSÆLS**

Aðalfundur og árshátíð ÁSÆLS verður laugardaginn 31. mars nk. í Gólfskálanum Efra Seli. Aðalfundurinn hefst kl. 20:30 stundvíslega.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Strax að loknum aðalfundi hefst árshátíðin með veislumat að hætti húsráðenda á Efra Seli. Skemmtiatriði glens, grín og gaman fram eftir nóttu. Miðaverð 2500 kr. Pantanir berist fyrir mánudagskvöldið 26/3 í síma: Sigrún 864 5213, Hannibal 892 2084, Gussi 894 0448.

Félagar fjölmennum og eigum skemmtilega stund saman.

### **Barnagæsla**

Er einhver tilbúin að koma heim til okkar og passa 13 mánaða stelpu, tvo daga í viku? Ca 5-6 tíma á dag, út maí mánuð

Nánari upplýsingar veitir Berglind í síma 864-5655.

Kveðjur fjölskyldan Gunnbjarnarholti



VETRARRÍKI



HITAVEITA FLÚÐA 40 ÁRA